

Eitt verka Jóhannesar Kjarvals á Kjarvalsstöðum.

# Af trönum meistarans

Þrjá sýningar eru á Kjarvalsstöðum þessa dagana. Á sýningunni sem ber yfirskriftina Af trönum meistarans eru verk frá síðustu áratugum langrar starfsævi Jóhannesar Kjarvals. Á sýningunni er leitast við að gefa innsýn í verk Kjarvals á þessu lokaskeiði í listsköpun hans og endurspegla hversu frjór og skapandi hann var í listinni allt þar til yfir lauk.

## Sýningar

Í vestursal eru verk textílkonunnar Britt Smelvær. Þau endurspegla þróun textíllistar á síðari árum og sýna vel á hve margvíslegan hátt og í hve fjölbreytt efni textíllistamenn samtímans vinna.

Þriðja sýningin er á verkum Einars Garibalda. Á sýningu sinni fæst hann við ákveðin tákn menningu okkar og þá stöðu sem tákngervingur íslenskrar myndlistar, Jóhannes S. Kjarval hefur í hugum okkar.

Það er athyglisvert að skoða sýningu Einars Garibalda á sama tíma og sýnd eru mörg af helstu verkum Kjarvals.

Kjarvalsstaðir eru opnir alla daga kl. 10–18 og er leiðsögn alla sunnudaga kl. 16.

Listaklúbbur Leikhúskjallarans:

# dzt... – gallerí fyrir blandaða, lifandi listmiðla

Í kvöld verður uppákomukvöld í Listaklúbbi Leikhúskjallarans undir nafninu dzt... „dzt... er óstaðbundið gallerí fyrir blandaða, lifandi listmiðla eins og gjörninga, hljóðverk, myndbandsverk o.fl. Það er stofnað af listamönnunum Gulleik Lövskar og Kristni Pálmasyni sem hyggjast skipuleggja dzt...viðburði nokkrum sinnum á ári og bjóða innlendum og erlendum listamönnum þátttöku. Öll verkin sem flutt verða eru ný og hafa verið gerð sérstaklega fyrir þetta kvöld.

## Skemmtanir

Listamennirnir sem taka þátt í þessari fyrstu dzt...uppákomu eru Magnús Pálsson, Sara Björnsdóttir, Páll Thayer, Baldur\Sjón, Haraldur Jónsson og Þóroddur Bjarnason.

Húsið verður opnað kl. 19.30 og uppákoman hefst kl. 20.30.



Ýmsir gjörningar líta dagsins ljós á dzt-kvöldi í Leikhúskjallaranum í kvöld.



Jonathan Rhys Myers leikur rokkstjörnuna Brian Slade.

# Flauel og glamúr

Velvet Goldmine, sem Laugarásbíó sýnir, hefst árið 1984 á því að breski blaðamaðurinn Arthur (Christian Bale), sem starfar við dagblað í New York, er fenginn til að skrifa grein í tilefni af því að tíu ár eru liðin frá því rokkstjarnan Brian Slade (Jonathan Rhys Myers) hvarf af sjónarsviðinu. Þetta er honum kærkomið verkefni því sem unglingur í Manchester hafði hann verið mikill aðdáandi Slades. Leit hans hefst á árinu 1971 því þegar glamúrrokkið var að sigra heiminn hvarf blómakynslóðin og við tóku rokkarar sem klæddust skrautlegum og níðþröngum fötum. Þar fremstur í flokki er Brian Slade, sem tekur breskt tónlistarlíf með trompi og verður fyrirmynd stúlkna og drengja. Þegar Slade kemst að því að hann hefur enga möguleika á að að flýja þá persónu sem hann hefur skapað setur hann á svið aftöku og hverfur af sjónarsviðinu.

## Kvikmyndir

**Nýjar myndir í kvikmyndahúsum:**

**Bíóhöllin: The Waterboy**
**Bíóborgin: Ronin**
**Háskólabíó: Elizabeth**
**Háskólabíó: Meet Joe Black**
**Kringlubíó: Wishmaster**
**Laugarásbíó: Rush Hour**
**Regnboginn: The Siege**
**Stjörnubíó: Stjúpmamma**




## Veðrið kl. 12 í gær:

| | | |
|---|---|---|
| Akureyri | skýjað | 9 |
| Bergsstaðir | skýjað | 6 |
| Bolungarvík | rigning og súld | 2 |
| Egilsstaðir | | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | rigning | 6 |
| Keflavíkurflv. | rigning og súld | 8 |
| Raufarhöfn | skýjað | 5 |
| Reykjavík | úrkoma í grennd | 8 |
| Stórhöfði | rigning og súld | 8 |
| Bergen | þoka | 4 |
| Helsinki | súld | 0 |
| Kaupmhöfn | slydda | 0 |
| Ósló | þoka | –1 |
| Stokkhólmur | | –2 |
| Þórshöfn | súld | 8 |
| Þrándheimur | rigning og súld | 6 |
| Algarve | léttskýjað | 16 |
| Amsterdam | léttskýjað | 6 |
| Barcelona | léttskýjað | 6 |
| Berlín | skýjað | –4 |
| Chicago | alskýjað | 0 |
| Dublin | súld á síð. kls. | 9 |
| Halifax | léttskýjað | –13 |
| Frankfurt | úrkoma í grennd | –2 |
| Glasgow | súld | 9 |
| Hamborg | snjókoma | –2 |
| Jan Mayen | skýjað | 0 |
| London | alskýjað | 5 |
| Lúxemborg | léttskýjað | 0 |
| Mallorca | rigning | 3 |
| Montreal | heiðskírt | –17 |
| Narssarssuaq | léttskýjað | –20 |
| New York | heiðskírt | –8 |
| Orlando | skýjað | 20 |
| París | léttskýjað | 3 |
| Róm | léttskýjað | 6 |
| Vín | skýjað | –7 |
| Washington | léttskýjað | –4 |
| Winnipeg | heiðskírt | –9 |

## Veður á Faxaflóasvæði næstu viku

– samkv. tölum frá Veðurstofu Íslands –










## Veðrið í dag

# Stormur eða rok á morgun

Um 300 km vestsuðvestur af Reykjanesi er 988 mb lægð sem hreyfist í norðaustur og grynnist. Vaxandi lægð langt suðvestur í hafi hreyfist allhratt norður og verður skammt vestur af landinu á morgun. Víðáttumikið 1045 mb háþrýstisvæði er yfir Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu.

Í dag er gert er ráð fyrir suðaustan- og sunnanhvassviðri eða stormi og rigningu um mestallt land fyrri hluta dagsins. Um hádegi gengur í suðvestanstorm eða rok með skúrum suðvestanlands. Seint í dag verður suðvestanhvassviðri og skúrir á öllu landinu. Hiti verður 4–10 stig.

**Sólarlag í Reykjavík: 17.14**
**Sólarupprás á morgun: 10.09**
**Síðdegisflóð í Reykjavík: 19.16**
**Árdegisflóð á morgun: 06.52**

# Rommí á fleygiferð

Hið vinsæla leikrit Rommí er enn í fullum gangi í Reykjavík og er ekkert lát á aðsókninni. Og nú á einnig að fara að sýna það á Akureyri. Frumsýning á Akureyri verður þann 12. febrúar næstkomandi. Þá verður Rommí sýnt á fimmtudags- og föstudagskvöldum á Akureyri en í Iðnó á laugardags- og sunnudagskvöldum. Leikararnir verða þeir sömu og uppsetningin öll nákvæmlega sú sama. Leikarar og starfsfólk munu fljúga landshorna á milli. Að sjálfsögðu leiðir þetta til þess að smíða þarf aðra leikmynd fyrir sýningar á Akureyri og í raun verða tvö „sett" af öllu í sýningunni, annað fyrir norðan og hitt fyrir sunnan. Þetta er í fyrsta sinn sem leiksýning er sýnd samhliða í tveimur landshlutum hérlendis með sama leikhópi. Leikarar í Rommí eru Guðrún Ásmundsdóttir og Erlingur Gíslason. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

## Leikhús



Rommí verður sýnt á tveimur stöðum í febrúarmánuði.



# Tvíburar Heiðrúnar og Agnars

Ánægja Heiðrúnar Óladóttur og Agnars Jónssonar var tvöföld 16. janúar síðastliðin. Þá eignuðust þau sín fyrstu börn – tvíburasyni – á fæðingardeild Landspítalans. Annar bróðirinn var 2660 g og 47 sm við fæðingu en hinn var 2800 g og 47 sm.

## Börn dagsins

Úrval

Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Í ÁSKRIFT Í SÍMA 550 5000

## Gengið

Almennt gengi LÍ 29. 01. 1999 kl. 9.15

| Eining | Kaup | Sala | Tollgengi |
|---|---|---|---|
| Dollar | 69,780 | 70,140 | 69,750 |
| Pund | 114,820 | 115,410 | 116,740 |
| Kan. dollar | 45,970 | 46,260 | 45,010 |
| Dönsk kr. | 10,6960 | 10,7550 | 10,9100 |
| Norsk kr | 9,2920 | 9,3430 | 9,1260 |
| Sænsk kr. | 8,9700 | 9,0190 | 8,6450 |
| Fi. mark | 13,3660 | 13,4460 | 13,6540 |
| Fra. franki | 12,1150 | 12,1880 | 12,3810 |
| Belg. franki | 1,9700 | 1,9819 | 2,0129 |
| Sviss. franki | 49,3700 | 49,6400 | 50,7800 |
| Holl. gyllini | 36,0600 | 36,2800 | 36,8500 |
| Þýskt mark | 40,6300 | 40,8800 | 41,5000 |
| Ít. líra | 0,041040 | 0,04129 | 0,041930 |
| Aust. sch. | 5,7750 | 5,8100 | 5,9020 |
| Port. escudo | 0,3964 | 0,3988 | 0,4051 |
| Spá. peseti | 0,4776 | 0,4805 | 0,4880 |
| Jap. yen | 0,599300 | 0,60290 | 0,600100 |
| Írskt pund | 100,910 | 101,510 | 102,990 |
| SDR | 96,920000 | 97,50000 | 97,780000 |
| ECU | 79,4700 | 79,9500 | 81,5700 |

Símsvari vegna gengisskráningar 5623270